

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1991

30. maí 1991

489

Nr. 245

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 36/1991, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 20,35 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 22,25 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 1. júní 1991.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1991.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

30. maí 1991

Nr. 246

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 38 kr. fyrir hvert kílógramm.

B 34

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerð og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. júní 1991 og skal hún gilda til 30. nóvember 1991.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1991.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Kristján Gunnar Valdimarsson.